

Kennsluáætlun, Leikir og hreyfing

2. bekkur

Skólaárið 2024-25

Kennari: Arnór Jónsson

Markmið með leikjum og hreyfingu fyrir 2. bekk:

Í leikjum og hreyfingu er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar er farið í mismunandi einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð, mati á aðstæðum og tillitssemi.

Áhersla er lögð á markvissar og árangursríkar aðferðir þar sem nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum.

Unnið er með 2. bekk einu sinni í viku. Þetta gefur gott tækifæri til þess að vinna með áskoranir sem henta hverjum nemenda fyrir sig.

Kennari aðlaga kennsluhætti að þroska og getu hvers nemenda sem og áskoranirnar þar sem það á við. Kennari aðstoðar nemendur við að ná settum markmiðum.

Gengið er út frá því að nota útisvæðið og nærumhverfið til leikja og útivistar. Ef veðrið býður ekki upp á uppbyggilega

útivist er hægt að nýta sér skólastofuna fyrir spil, hreyfingu og innileiki.

Samvinnuleikir

Farið í hópleiki þar sem bekkurinn fær tækifæri til þess að vinna saman að ólíkum verkefnum. Markmiðið er að þjappa hópnum saman og kynnast betur.

Hópleikir

Farið verður í ólíka hópleiki þar sem nemendur æfa samvinnu, málamiðlun og samskipti. Lögð er sérstök áhersla á íþróttamannslega framkomu, góðan keppnisanda og jálvætt viðhorf til liðsfélaga og andstæðinga.

Útbúnaður í eigu skólans (boltar, sippubönd, keilur, húllahringir, frisbee diskar o.fl) er nýttur þar sem við á.